

1154. Stjórnarfundur VR

Haldinn þriðjudaginn 29.11 2016, kl. 12:00 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson (fjarfundur), Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1153. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1153. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Stjórnskipulag lífeyrissjóða

Ólafía Björk lagði fram skjölin „*Umsögn um drög að nýjum kafla um stjórnkerfi lífeyrissjóða í kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál*“ dags. 25.11 2016 og „*Stjórnkerfi lífeyrissjóðanna – drög*“ dags. 31.08 2016.

En hugmyndir eru um að gera breytingar á stjórnkerfiskafla kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál. Áfram væri starfrækt fulltrúaráð fulltrúa stéttarfélaganna sem eiga aðild að sjóðnum en hlutverk fulltrúaráðs er m.a. að fara með atkvæði á ársfundum, staðfesta tilnefningar til stjórnar og hafa eftirlit og aðhald með störfum stjórnar. Einnig staðfestir fulltrúaráðið og hefur eftirlit með framvindu fjárfestingar- og starfskjarastefnu sjóðsins.

Á vettvangi ASÍ þarf að tryggja að séu til skýrar reglur um kjör í fulltrúaráð innan félaganna og að félagsmönnum sé ljóst að þeir hafi tækifæri til að bjóða sig fram til ábyrgðarstarfa á þessum vettvangi í gegnum stéttarfélagið sitt. Lögð er áhersla á að lífeyrismál séu hluti umsaminna kjara og að um þau sé samið í kjarasamningum og það eru fulltrúar stéttarfélaganna sem gæta hagsmuna launafólks í sjóðunum.

Þá sagði hún að hugsunin væri sú að fulltrúar stéttarfélags og atvinnurekenda starfræki hvor um sig valnefnd sem fjallar um hæfi þeirra sem gefa kost á sér í stjórn lífeyrissjóðs. Síðan sé auglýst eftir hæfum einstaklingum til stjórnarstarfa úr hópi sjóðfélaga / stjórnenda fyrirtækja sem greiða í sjóðinn. Þá séu tilnefndir hæfustu einstaklingarnir m.t.t. þeirra eiginleika sem sóst er eftir.

Hún fór þá næst yfir kaflann um stjórn og hvernig núverandi stjórnkerfi er upp sett en þar næst yfir uppdrátt af því hvernig fyrirhugað stjórnkerfi myndi líta út. Loks fór hún yfir nokkur önnur atriði s.s. fyrirhugaða nefnd um laun stjórnarmanna og starfskjarastefnu.

Það var farið yfir þetta mál í Miðstjórn ASÍ í síðustu viku og fer þetta nú út til kynningar í aðildarfélögunum. Þann 21. desember nk. verður það svo aftur tekið fyrir í Miðstjórn.

Það er ljóst að þessum málum er háttað á annan veg í okkar sjóði, heldur en að hér var lýst, en þar er byggt á samkomulagi frá árinu 1996 og tók það til aðila sem við höfðum þá við kjarasamning en það á ekki lengur við í dag enda enginn kjarasamningur milli okkar og SI, Viðskiptaráðs eða Kaupmannasamtakanna. En það hefur nú verið viðrað að taka upp og endurskoða þennan samning en ljóst að Kaupmannasamtökin hafa verið því mótfallin.

Hún hefur skoðað aðrar leiðir og leggur til að við tökum samtalið við atvinnurekendur um það að breyta samningnum þannig að hann byggist á þeim aðilum sem við gerum við kjarasamninga og svo því stjórnkerfi sem aðrir sjóðir eru með. Óskaði hún efir því að heyra hvort fundarmenn væru henni sammála um að skoða það.

Umræður.

Að loknum umræðum sagði Ólafía Björk að ljóst sé að aðkoma atvinnurekenda að stjórnun lífeyrissjóðsins sé bundin í kjarasamning og að það þyrfti að taka upp í kjarasamningaviðræðum ef ætti að breyta því.

Loks óskaði hún eftir umboði stjórnar til þess að taka þetta samtal við fulltrúa SA og FA á þeim nótum sem hún hafði rætt og myndi hún svo kynna þá niðurstöðu á stjórnarfundi síðar. Var það borið upp til atkvæða.

Samþykkt með 11 atkvæðum gegn einu og einn sat hjá.

Ragnar Þór óskaði eftir því að það yrði bókað að hann hefði greitt atkvæði á móti.

Umræður.

3. Íbúðafélag – brúarlán

Ólafía Björk lagði fram skjalið „*Minnisblað – Hlutur VR – Almenna íbúðafélagið hses*“ dags. 23.11 2016 og fór yfir innihald þess.

Í máli hennar kom m.a. fram að stjórn hefði áður samþykkt á fundi þann 9. mars sl. að leggja lið stofnun almenns íbúðafélags á vegum ASÍ og BSRB sem skyldi byggja, kaupa og leigja leiguíbúðir á grundvelli virks íbúalýðræðis og skyldi það gert með því að VR legði til 50 – 60 milljónir króna í formi víkjandi láns.



Nú er ljóst að fjármagnspörf íbúðafélagsins sé áætluð 100 milljónir króna og myndi þeirri upphæð skipt í hlutföllunum 80/20 milli ASÍ og BSRB en hlut ASÍ væri skipt milli aðildarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu þannig að í okkar hlut kæmi að veita lán uppá 36 milljónir króna með víkjandi brúarláni með ádrætti á 4 ákveðnum dagsetningum og að endurgreiðsla verði í einni tölu eftir 5 ár eða fyrr.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk upp þá tillögu að VR myndi veita þetta 36 milljón króna brúarlán eins og að ofan er getið.

Samþykkt samhljóða.

Fundi var slitið kl. 13:15
Árni Leósson, fundarritari